



## Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað - niðurstaða skimunar í stofnunum Mosfellsbæjar, skýrslur EFLU

**Dags:** 17. ágúst 2020

**Málsnúmer:** 201908622/24.0

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Frá:** Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs

---

Bæjarstjórn ákvað á síðasta ári að leggja til að umhverfissviðs Mosfellsbæjar yrði falið að láta framkvæma skoðun á öllu skólahúsnaði Mosfellsbæjar m.t.t. rakaskemmda og hugsanlegs örveruvaxtar þeim tengdum þeim.

Enn fremur var samþykkt að láta gera reglulegar loftgæðamælingar.

Lagðar eru fyrir bæjarráð umbeðnar skimunarskýrslur frá EFLU Verkfræðistofu vegna íþróttamiðstöðvar að Varmá, Krikaskóla og Lágafellsskóla hins vegar ásamt áætlunum um úrbætur. Gerð skimunarskýrslanna frá EFLU hafa því miður dregist nokkuð frá því sem upphaflega var áætlað.

Niðurstaða skimunarskýrslu vegna Íþróttamiðstöðvar að Varmá sýnir að mannvirkin, sem byggð eru í fimm mismunandi áföngum eru með nokkuð af leka- og rakaskemmdum og þá sérstaklega á skilum sambyggðra mannvirkja. Í ljósi mikillar nýtingar er mikilvægt að úrbætur fari fram í nánu samstarfi við forstöðumenn miðstöðvarinnar og forsvarsmenn þeirra sem sækja miðstöðina hvað mest í gegnum íþrótt- og skólastarf.

### Áætlun um úrbætur

#### Krikaskóli:

Þar sem fullnaðarviðgerð á starfsmannarýmum í Krikaskóla er ekki möguleg fyrr en eldri gluggar hafa verið endurnýjaðir þá er lagt til að gert verði ráð fyrir að framkvæmd við endurbætur verði tímasett um leið og fyrir liggur hvenær mögulegt verður að fá nýja glugga. Þangað til verði unnið með mótvægisáðgerðir í þeim starfsmannarýmum sem um ræðir. Unnið verði að öðrum smærri viðgerðum um helgar og skólafríum í samráði við forstöðumann á komandi skólaári.

#### Lágafellsskóli:

Almennt eru ástand mannvirkja nokkuð gott, sem og loftgæði. Lagt er til að þær úrbætur sem þarf að fara í verði tímasettar í samráði við forstöðumann um helgar og í skólafríum á komandi skólaári.

#### Íþróttamiðstöð Varmá:

Umhverfissvið leggur áherslu á það sé í algerum forgangi að uppræta allar rakaskemmdur í kennslu- og íverurýmum í íþróttamiðstöðinni að Varmá. Lagt er til að eftirfarandi



forangsröðun verði höfð til hliðsjónar þegar farið er í framkvæmdir og að endanlegar tímasetningar verði í samráði við forstöðumann.

### Fyrsti áfangi

- Skemmdir í loftum og loftaplötum í sal 3 – hreinsun lokið í viku 34
- Salur 1-2, viðhaldi lokið í viku 30
- Klefar 1-2 á græna gangi hreinsaðir viku 35-37
- Klefar 1-2 innréttaðir að nýju viku 37-40
- Málun á lekatumum í Sal 1-2 í september

### Annar áfangi

- Græni gangur hreinsaður í vetrarfrí skólanna
- Gangarými niður að Sal 1-2 í vetrarfrí skólanna

### Þriðji áfangi og fjórði áfangi

- Sturtuklefar við sundlaug fyrir og í jólafrí
- Gufubað við sundlaug og lyftingasalur, tímasetning í samráði við forstöðumann
- Starfsmannarými sundlaugar, tímasetning í samráði við forstöðumann
- Skrifstofa forstöðumanns, tímasetning í samráði við forstöðumann
- Skrifstofa Aftureldingar flutt og rými tekið í gegn fyrir nýja starfsemi, tímasetning í samráði við forstöðumann
- Salerni í móttöku ásamt anddyri í samráði við forstöðumann
- Önnur minni svæði verða tekin í samráði við forstöðumann



Virðingarfyllt,

Jóhanna Björg Hansen  
framkvæmdastjóri umhverfissviðs